

Félagsfundur föstudaginn 9. september 2016 í Borgarholtsskóla kl. 17.00.

Viðstaddir: Margrét Helga Hjartardóttir, Hulda Sif Birgisdóttir, Petrína Rós Karlsdóttir, Fanný Ingvarsdóttir, Sólveig Simha, Gríma Guðmundsdóttir, Sigríður Anna Guðbrandsdóttir, Hrefna Clausen, Eva Leplat, Sigurborg Jónsdóttir, Jóhanna Björk Guðjónsdóttir.

1. Fundurinn hófst á því að Margrét Helga, formaður, sagði fréttir af félagsstarfinu.

- Tveir nýir félagar hafa skráð sig í Félag frönskukennara, þær Hrafnhildur Linda Heimisdóttir (Hlíðaskóla) og Nadja Sophie Teresa Widell, Menntaskólanum á Ísafirði.

- Nýr directeur AF hefur tekið til starfa, Jean-François Rochard, sem vill hitta stjórn félagsins til að ræða samstarf.

- Fyrirhugað er að hætta með frönskukennslu í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.

2. Frásögn um Heimspingið í Liège í júlí 2016. Petrína Rós fór á það fyrir hönd félagsins:

Aðalpema þingsins var: „Le français, langue ardente.“ Dagskrá þingsins var mjög umfangsmikil og erfitt var að komast yfir allar þær kynningar/viðburði sem voru í boði. Gott tækifæri gafst til þess að ræða við aðra frönskukennara á þinginu og gátu þeir borið saman bækur sínar. Petrína hitti einn af höfundum *Le livre blanc de l'enseignement du français* á vegum FIPF, sem er forseti kanadíska frönskukennarasambandsins. Bókaútgefendur voru viðstaddir og kynntu bækur sínar og var það mjög fróðlegt að mati Petrínu. Hún var á aðalfundi CEO þar sem kosin var ný stjórn. Giedo Custers var kjörinn formaður og Maurice Roux varaformaður. Óljóst er hvenær næsti fundur CEO verður þar eð reynt var að boða til hans í byrjun nóvember þegar danska frönskukennarafélagið ætlar að halda upp á 80 ára afmæli sitt og bjóða öllum norrænu félögum.

3. Fundarkonur skiptust á upplýsingum um hugmyndir að kennslu.

Rætt var almennt um tónlist og kvikmyndir sem eru sniðugar í kennslu. Það kom fram að það nýjasta í tónlistinni eru m.a. listamennirnir Black M og Soprano.

Gríma:

- Kynnti efni sem hún hefur notað í Parísaráfanga m.a. myndina *Paris, je t'aime* og nýjan smell, lagið *Je suis chez moi* með Black M.

- Hún sagði frá svokölluðm „búðarleik“, sem er orðaforðaleikur til þess að æfa þemaorðaforða t.d. mat og föt. Einn nemandi er kaupmaðurinn, þrír nemendur eru dómara og restin af hópnum eru viðskiptavinir. Viðskiptavinirnir koma í búð og segja hvað þeir ætla að kaupa. Sá næsti verður að kaupa eitthvað annað, má ekki vera það sama og hinir voru búnir að nefna.

Sigríður Anna:

- Kynnti orðaforðaleik sem hægt er að nota fyrir ýmsan orðaforða. Hún setur lista af orðum á töflu. Skiptir bekknum í litla hópa. Hóparnir eiga að finna andheiti allra orðanna. Sá hópur sem er fyrstur til að skila vinnur. Kennari fer yfir á staðnum.

- Hulda Sif :

Orðaforðakeppni: Nemendur sitja tveir og tveir saman (eða þrír og þrír) með penna í sitthvorum lit. Þeir fá blað með orðaforðasúpu á frönsku frá kennaranum. Kennarinn segir orð á íslensku og keppnin snýst um að vera á undan félaganum að strika yfir orðið á frönsku í sínum lit. Sá vinnur sem hefur strikað yfir flest orð.

Sagnaleikur: Nemendum er skipt í litla hópa, hver hópur fær auða miða (ca. 15-20) og skrifar sagnir í nafnhætti á frönsku á miðana (sem kennarinn gefur). Nemendur skrifa sjálfir íslenska þýðingu hinum megin. Hver hópur fær tening og stigablað. Þeir kasta teningnum til skiptis og draga sér sögn úr bunkanum. Þeir eiga svo að beygja sögnina í þeirri persónu sem kemur upp á teningnum (1., 2., 3. o.s.frv.) og skrá stigin (þýðing og beyging). Leikinn má nota fyrir mismunandi tíðir og hætti. Nemendur ræða um rétt svör sín á milli eða hafður einn dómari.

Sólveig Simha:

- Kynnti kennsluefnið *Adomania* sem gefið er út af Hachette fyrir unglinga. Þetta kennsluefni var unnið í samvinnu við TV5 Monde og með því fylgja sérsniðin myndbönd fyrir kennsluefnið sem aðgengileg eru á vef TV5 Monde. Einnig minnti hún á að á vef TV5 Monde er að finna fjöldan allan af fleiri myndböndum sem hægt er að nota í kennslu.

- Hún benti á að hægt er að fá rafrænan aðgang að tímaritinu *Le français dans le monde*.

- Auk þess benti Sólveig á vefinn <http://leszexpertsfle.com> sem er verkefnabanki með ótal hugmyndum fyrir kennsluna. Hvert verkefni kosta 1-2 evrur.

- Að lokum kynnti hún aðild sína að IF-Profes-vefnum í Póllandi. Slíkir vefir eru til meðal frönskukennara í ýmsum löndum og eru eins konar samfélagsmiðlar þar sem kennarar deila kennsluefni sín á milli. Enn er slíkur vefur ekki til á Íslandi.

Petrína Rós:

- Kynnti efni sem hún hafði komist yfir á Heimsþvingingu í Liège m.a. skemmtileg tónlistarmyndbönd á frönsku sem kanadískur kennari í Québec hefur útbúið.

Fundi slitið kl. 18.30